


I austursal Kjarvalsstaða stendur yfir þessa dagana sýning á 40 gvasmyndum eftir franska malarann Gérard Schneider og lýkur sýningunni 16. júní.

**Óheft tjáning**

Sú tegund óhlutlægrar myndgerðar, sem einna mest var ráðandi á sjötta áratugnum hefur verið heimfærð undir mörg stílheiti. Í Bandaríkjunum var hún gjarnan nefnd abstrakt expressionismi og í Evrópu tassismi eða art informel. Þó þessi stílheiti séu í senn yfirgripsmikil og ónákvæm, þar eð þau ná yfir listamenn, sem um margt eru ólíkir innbyrðis, má segja að sameiginlegt þessari myndgerð sé öðru fremur óheft tilfinningaleg tjáning. Í Bandaríkjunum var súrrealisminn einn helsti bakhjarl þessa expressionisma, sem þar spratt fram eftir stríð, en margir helstu listamenn súrrealismans í Evrópu höfðu flúið þangað vegna



**ÓLAFUR KVARAN SKRIFAR UM MYNDLIST:**



Ólafur Kvaran

# GERARD SCHNEIDER

## að Kjarvalsstöðum



stríðsins og höfðu djúpstæð áhrif á ameríska myndlist. Frá súrrealismanum er komin hugmyndin um óheft tjáningarfleði og hamslaus tilfinningaleg vinnubrögð, sem þessir listamenn tiléinkuðu sér. (Jackson Pollock, W. de Kooning o.fl.) Þeir tóku einnig upp nýja vinnuáferð, þar sem pensillinn var oft lagður á hilluna, en þess í stað var litnum slett og hann skafinn og tilviljunin var stór þáttur í sköpunaraðferðinni. Hér kom fram kraftmikil og „malerísk“ myndgerð sem setti tjáningu hugarástands og tilfinningalífs höfundar ofar öllu öðru.

Á margan hátt hliðstæð hreyfing í evrópski myndlist á sjötta áratugnum og þá sér í lagi í Frakklandi hefur verið kölluð tassismi og með almennum orðum má segja að í samanburði við ameríska expressionismann, þá leggja hinir frönsku listamenn ekki jafn-rika áherslu á grófa og þróttmikla formgerð, heldur gefa þess í stað allri formgerðinni meiri fágun og skreytingu. Frönsk myndhefð er hér þung á metunum. Af fulltrúum þessarar myndgerðar í Evrópu á nefna t.d. Georges Mathieu, Wols, Riopella og Gérard Schneider.

Gérard Schneider fæddist í Sviss 1896, en hélt til Parísar 1916 og stundaði myndlistarnám við École des Arts Décoratifs fram til ársins 1919 og um skamma hríð á árinu 1918 við École des Beaux-Arts. Hann fluttist þá aftur til Sviss, þar sem hann hélt sína fyrstu einkaýningu, en hélt aftur til Parísar 1922 og vann fyrir sér fyrst um sinn við myndavíðgerðir jafnframt því sem hann málaði af kappi. Hann gerðist brátt virkur þátttakandi í frönsku listalífi og á fjórða áratugnum sýndi hann oft sinnis á Salon des Surindépendants og árið 1946 skipulagði Galerie Denis René

sýninguá verkum hans víðs vegar í París 1947 vöktu verk hans verulega athygli, en hann hafði þá þróað myndgerð sína til meiri óhlutlægni sem einkenndist af frjálslegum og tilfinningaríkum vinnubrögðum. Frá þeim tíma hefur Schneider sýnt reglulega víðsvegar um heim og hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir list sína.

Schneider hefur sjálfur látið svo um mælt að óhlutlæg myndgerð hans sé fullkomlega óháð ytri áhrifum og að listamaðurinn leysi allt úr læðingi sem býr innra með honum og leggi það í verk

sitt. Schneider hefur ennfremur komist svo að orði um myndgerð sína: „Ég reyni ekki að greina sundur þátt undirmerðvitundarinnar og vitundarinnar í verkum mínum. Tjáning er innri nauðsyn, sem vitundin gefur áþreifanlegt form.“

**Jafnvægi og flug.**

Hér á sýningunni að Kjarvalsstöðum eru sýndar 40 gvasmyndir, sem spanna yfir tímabilið allt frá 1960 fram til ársins 1974 og er meirihlutinn frá því ári. Vinnuáttu Schneiders virðist ekki hafa tekið neinum grund-

vallarbreiðingum á því tímabili, sem hér um ræðir, og við fyrstu sýn virðist myndgerð hans vera nokkuð einhæf. Við nánari athugun kemur samt sem áður í ljós að innan þeirra marka, sem Schneider vinnur er mikil formræn breidd og að hann virkjar tjáningarform sitt á margbreytilegan hátt. Hér má með vissri einföldun skilja að tvenns konar myndgerðir, annars vegar þar sem formgerðin einkenndist af samfellingu heilla litafleta, sem eru gjarnan undirstrikaðir með snöggum pensildráttum og hins vegar verk þar sem sjálf pensil-

skriftin verður auðgreinanleg og áherslumikil, felur í sér ákveðið tjáningargildi og leggur áherslu á hrynjandi og meginhreyfingu formanna.

Schneider gengur yfirleitt nokkuð kerfisbundið til verks A skærilitan grunnflöt dregur hann upp snarpa pensildrætti, sem í einfaldleika sínum geta á stundum minnt á kalligrafísk tákni, eða að lit er teft gegn lit, gjarnan dreginn upp með breiðum pensilskúf. Hér skiptast á mjúk ávöl form og heilir kyrrstæðir litaflekkir sem eru undirstrikaðir með snöggum áþreifanlegum pensilstrofum; formgerð sem býr yfir kyrrð og jafnvægi. Þessi formgerð birtist einnig á þann hátt að liturinn verður að samfelldri grind, sem spennist yfir allan myndflötinn þar sem ávalir og lóðréttir litaslóðar skera hver annan. Í annan stað verður formgerðin samofnari heild, þar sem breiðir litaslóðar vefjast hver inn í annan, grisjast sundur, tengjast grunnlitnum og útkoman verður lifandi dýnamísk heild. Hér er hinum kyrrstæðari formheimi fullkomlega raskað, þar eð litaslóðarnir hefjast á flug og svifa frjálst og mjúklega í óskilgreindu rými eða að hraðinn er aukinn með samspili heilla litaflekkja og snöggum leiftrandi pensilstrofum, sem búa yfir snörpu handbragði og leiða hugann að flugi, hraða og árekstrum.

**Fágað handbragð**

Enda þótt verk Schneiders búi yfir formrænum margbreytileika, sem hann yfirleitt útfærir af listrænu öryggi og leikni, þá felst í þeim vinnubrögðum, sem hann ástundar sú hætta að útkoman verði áreynslulitil endurtekning frá mynd til myndar. En það sem ávallt er til staðar í verkum Gérard Schneider og það sem aldrei bregst er tæknileg kunnáttusemi og einstæð fágun í sjálfu handbragðinu.

# Ljóð um leikhús

Nýlega var gefinn út bæklingur með þýðingum á nokkrum ljóðum eftir leikritaskáldi Bertolt Brecht úr verki hans „Messingkauf“. Ljóðin fjalla um leikhúsið almennt og ýmis svið þess út frá sjónarhóli Brechts.

Meðal ljóðanna má nefna: Um hversdagsleikhúsið. Leitið þess gamla og hins nýja. Lýsingin. Söngvarnir. Fortjöldin.

*eftir Bertolt Brecht komin út í íslenskri þýðingu*

Einnig er að finna í þessum bæklingi skrá yfir þýdd verk Brechts á íslensku, hvort sem eru

leikverk, ljóð, sögur eða greinar. Getið er nafna á frummálinu sem íslensku, þýðenda og hvar þau hafa birst á prenti.

Þýðandi og útgefandi er Sigurður Skúlason.

Bæklingur þessi kostar innan við átta hundruð krónur og er hægt að fá hann m.a. í Bókabúð Máls og menningar, Bókaverslun Ísafoldar, Bókabúðinni Rauða Stjarnan, Bóksölu stúdenta og í Bókabúð Braga Brynjólfssonar.



Forsíða þýðinga Sigurðar á ljóðum Brechts.